

## Að vera eða vera ekki í sumarfrí



**Hannes Petersen**

Það er fátt betra en að hverfa frá erli vinnudagsins og vakna í frí. Frí og sérstaklega sumarfrí er öllum kærkomið, læknum sem öðrum, þó svo hið síðarnefnda eigi sér ekki langa sögu í vinnusiðfræðilegu samhengi. Talið er að sumarfrí hafi komið til með flutningi fólks úr sveitum á öndverðri síðustu öld. Sumarfríin voru þá sumpart hugsuð sem tækifæri til að létta undir með ættingjum í sumarönnum sveita og þannig var það eitt að skipta um starfsvettvang nægjanleg hvíld frá venjubundnum störfum. Svo sterkt er þetta greipt í tilveru og vinnuvitund okkar að enn er starfsári Háskóla Íslands skipað eftir burðarmáli sauðkindarinnar og önnum til sveita. Hvort það sé sumarvinnu í sveitum eða smitbólum frá nágrennalöndunum að kenna þá hafa Íslendingar áttað sig á því að það er hægt að taka sér frí á öðrum tímum en á sumrin, þó svo sumarfríð sé enn hornsteinn fría.

En hvenær er lækni í frí og hvenær ekki?

Í fyrsta lagi er eðli læknisstarfsins þannig að oftar en ekki er lækniinn truflaður í sínu frí og það talið eðlilegur hluti þess að starfa sem lækni að sinna sjúklingum sínum hvenær sem er. Þannig er oft áreynsluminna að leysa strax úr vanda sjúklinganna en að heyra eftir á af stórfelldum vandræðum, sem unnt hefði verið að leysa á einfaldan hátt.

Í öðru lagi er vert að athuga það að yfir sumarmánuðina dregur verulega úr framleiðni fyrirtækja og á það einnig við um framleiðni í heilbrigðiskerfinu. Það væri svo sem í lagi ef fólk tæki sér frí í að veikjast, en svo gott er það nú ekki þó svo verulega dragi úr umgangsestum yfir sumartímamann. Hin síðari ár hefur hins vegar skorið í augu að á þessum sama tíma fjölga slysum gríðalega, allt frá smáum áverkum er hljóttast af ærslafullum leikjum til stórslysa er valda fjörtjóni eða stórskaða ásamt meðfylgjandi örkumli. Síðasta sumar var eitt slíkt og engum þeim er veitti heilbrigðisþjónusta var það sumar sælutími.

Í þriðja lagi eru þeir lækni sem reka eigin læknastofur, en þeir leyfa sér ekki að hverfa frá í frí í langan tíma í senn, bæði vegna efnahagslegra krafna um stöðugan rekstur og einnig til að tryggja samfellu í þjónustu, en óhætt er að segja að

þjónustustig þessa hluta heilbrigðiskerfisins sé fádæma gott.

Í fjórða lagi eru það stórmálin er varða lækna-stéttina, vandamál ýmissa heilbrigðisstofnana eða sameining sjúkrahúsanna, en eitt einkenni stórmála er að þau taka ekkert tillit til árstíða. Enn eitt slíkt mál er skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi lækna. Látum kjurt að amast við því að möppufólk fjalli af vanþekkingu um lækna og störf þeirra en að þurfa að lesa og sitja undir ávirðingum hjúkrunarfræðinga, okkar helstu samstarfsmanna, í niðurlagi skýrslunnar er alls óþolandi. Þar er veist að hópum lækna á órókstuddan hátt með rögi sem hvergi á sinn líkan. Skrifað er þar meðal annars að háls-, nef- og eyrnalækni setji rör í hljóðhimnur að ástæðulausu! Sá er þetta skrifar er háls-, nef- og eyrnalækni og verður honum óljúft að koma til vinnu að loknu sumarleyfi og þurfa að heyra, ef til vill, þískrað: „Þarna er háls-, nef- og eyrnalækni-inn sem setur rör í eyru barna að óþörfu ...“ Atvinnurógur af þessu tagi ber merki hugleysis sem er það alhliða að hvergi ber skugga á, svo stuðst sé við snilli skáldsins.

Vegna alls þessa geta frílok að hausti verið læknum fyrirkvíðanleg, skammdegið að færast yfir, biðlistar lengri og erill sumarsins enn sitjandi í sinni og sinum. En einfaldar athafnir eins og að snúa krananum á gasgrillinu, snúa tappanum á tónikflöskunni, snúa úrlausum úlnliðnum eða snúa sér við og veifa bless í Leifsstöð og halda af stað í frí kæta okkur og hvíla. Gleðilegt sumar!

## Frágangur fræðilegra greina

**Höfundar sendi tvær gerðir handrita** til ritstjórnar Lækna blaðsins, Hlíðasmára 8, 200 Kópavogi. Annað án nafna höfunda, stofnana og án þakka sé um þær að ræða. Greininni fylgi yfirlýsing þess efnis að allir höfundar séu lokaformi greinar samþykkir og þeir afsali sér birtingarrétti til blaðsins.

**Handriti** skal skilað með tvöföldu línubili á A-4 blöðum. Hver hluti skal byrja á nýrri blaðsíðu í eftirtalinni röð:

- Titilsíða: höfundar, stofnanir, lykilorð á ensku og íslensku
- Ágrip og heiti greinar á ensku
- Ágrip á íslensku
- Meginmál
- Þakkir
- Heimildir

**Tölur og myndir** skulu vera á ensku eða íslensku, að vali höfunda.

**Tölvuunnar myndir og gröf** komi á rafrænu formi ásamt útprenti. Tölvugögn (data) að baki gröfum fylgi með, ekki er hægt að nýta myndir úr PowerPoint eða af netinu.

Sérstaklega þarf að semja um birtingu **litmynda**.

**Eftir lokafrágang** berist allar greinar á tölvutæku formi með útprenti.

**Sjá upplýsingar** um frágang fræðilegra greina: <http://www.icemed.is/læknabladid>

## Umræðuhluti

**Skilafrestur** efnis í næsta blað er 20. undanfarandi mánaðar nema annað sé tekið fram.